

Dómsmálaráðuneytið  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík

Reykjavíkurborg  
Ráðhús Reykjavíkur, Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

**Efni:** Umsögn Reykjavíkurborgar vegna skýrslu um alþjóðasamninginn um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi, mál nr. 147/2021.

Reykjavíkurborg hefur jafnræði borgaranna og mannréttindi að leiðarljósi í öllu starfi og hefur einsett sér að vera í fararbroddi í mannréttindamálum. Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar eru mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar og alþjóðlegir sáttmálar lagðir til grundvallar, svo sem Barnasáttmáli og samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Umsögn þessi tekur mið af atriðum sem Reykjavíkurborg telur íslensk stjórnvöld þurfa að leggja áherslu á við vinnu að sjöttu skýrslu Íslands um alþjóðasamninginn um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi.

### **Almennar athugasemdir**

Reykjavíkurborg fagnar þeim framförum sem hafa átt sér stað í mannréttindamálum á Íslandi síðustu ár. Í því samhengi er mikilvægt að fjalla um þá útvíkkun sem orðið hefur innan jafnréttismála hér á landi. Íslensk löggjöf viðurkennir nú mannréttindi fleiri hópa en áður og veitir þeim betri réttarvernd. Þar má nefna lög nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði og lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði – þar sem Ísland telur upp fleiri breytur en eru taldar upp í alþjóðlegum mannréttindasáttmálum.

### **Liður 7: Hatursorðræða og fordómar**

Reykjavíkurborg telur mikilvægt að stjórnvöld leggi frekari áherslu á að sporna gegn hatursorðræðu hér á landi. Tryggja þarf að löggjöf um hatursorðræðu sé vönduð og til þess fallin að veita þolendum réttarvernd. Mikil umræða hefur átt sér stað um hvort rétt væri að þrengja gildissvið 233. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940 til að auka vernd tjáningarfrelsis hér á landi. Hvort sem af þeirri breytingu verður eða ekki, er nauðsynlegt að styrkja málaflökkinn með fræðslu, forvörnum og frekari aðgerðum. Þegar litið er til hinna Norðurlandanna er ljóst að aukin áhersla á alvarleika hatursorðræðu skapar þekkingu innan lögreglunnar sem verður til þess að frekar verður komið auga á brot og þau upprætt.

Reykjavíkurborg telur jafnframt áriðandi að stjórnvöld beiti sér frekar til að sporna við fordómum í samfélaginu, einkum kerfisbundnum rasisma. Ójöfnuður getur verið innbyggður inn í félagslega kerfið í gegnum ýmiskonar verklag og venjur. Hans verður m.a. vart í námsefni sem kennt er í skólum, sem hluti af orðalagi á umsóknar- og eyðublöðum á vegum heilbrigðisstofnanna eða í viðmóti opinberra starfsmanna gangvart skjólstaðingum af erlendum uppruna. Án skýrrar stefnu eiga einstaklingar sem telja að á þeim hafi verið brotið erfitt með að stíga fram og greina frá reynslu sinni auk þess sem stjórnendur og aðrir sem verða varir við slíkt viðmót eiga erfiðara með að taka á vandanum. Skýr stefnumótun og fræðsla meðal almennings, bæði í atvinnulífi og innan menntakerfisins, er áhrifamikil leið til að sporna gegn fordómum í samfélaginu. Kerfisbundinn rasismi getur bitnað sérstaklega illa

einstaklingum sem tilheyra fleiri en einum minnihlutahóp, t.a.m. fötluðum konum af erlendum uppruna eða hinsegin fólki sem ekki er hvítt á hörund.

### **Liður 10: Kynbundið ofbeldi**

Til að bæta þjónustu við innflytjendur hér á landi og auka þekkingu framlínustarfsfólks á aðstæðum þeirra væri gagnlegt að veita starfsmönnum fræðslu um um menningarnæmi, t.d lögreglumönnum og heilbrigðisstarfsfólki.

### **Liður 11: Málefni hinsegin fólks**

Að lokum er rétt að vekja athygli á lögum um kynrænt sjálfræði og þeirri réttarbót sem í þeim fólst. Reykjavíkurborg telur þó mikilvægt að stjórnvöld hugi að bráðabirgðaákvæði laganna sem gerir ráð fyrir endurskoðun 11. gr. a um ódæmigerð kyneinkenni. Þá vill Reykjavíkurborg áréttta að mikla vitundarvakningu og fræðslu þarf til þess að stofnanir samfélagsins séu meðvitaðar um ódæmigerð kyneinkenni og að einstaklingar á öllum aldri geti lifað með þeim. Í því samhengi má einnig nefna að flokkun út frá kyneinkennum, t.a.m. í búningsklefum, er óheppileg og getur mismunað þessum hópi.

### **Samantekt**

Framangreindar athugasemdir voru unnar af sérfræðingum mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar. Miklar framfarir í þágu mannréttinda hafa átt sér stað á síðustu árum sem hafa bætt stöðu ýmissa hópa, þ.á.m. hinsegin fólks. Aftur á móti eru enn fjölmörg tækifæri til umbóta. Er þá sérstaklega litið til aðgerða stjórnvalda til að sporna við fordómum og hatursorðræðu. Auk þess er mikilvægt að sú vinna sem hafin er með lögum um kynrænt sjálfræði til að bæta stöðu einstaklinga með ódæmigerð kyneinkenni haldi áfram. Reykjavíkurborg hvetur skýrsluhöfunda til að hafa framangreindar athugasemdir til hliðsjónar við gerð skýrslunnar.

Anna Kristinsdóttir

mannréttindastjóri

mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar